

Föstudaginn 2. október 1953.

Kærumálið nr. 11/1953.

Giovanni Ferrua

gegn

Glitsteini h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Synjað um frávísun máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kærú 26. júní þ. á., sem hingað barst 3. júlí þ. á., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 20. júní þ. á., en með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um vísun málsins frá héraðsdómi. Krefst sóknaraðili þess hér fyrir dómi, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja að mati dómsins.

Eftir að úrskurður gekk í héraði, hefur Marteinn Davíðsson komið fyrir dóm á ný og skýrt svo frá, að hann eigi kr. 50000.00 í skuldabréfi því, sem krafizt er greiðslu á, og er það viðurkennt af fyrirsvarsmanni varnaraðilja. Er skuldabréfið því í sameign Marteins Davíðssonar og varnaraðilja. En þar sem Marteinn Davíðsson lýsti sig samþykkan málssókninni, er hann kom fyrir dóm, þykir ekki ástæða til að vísa málinu frá héraðsdómi. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af kærumáli þessu.

Dómsorð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af kærumáli þessu.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 20. júní 1953.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Glitsteinn h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. janúar 1952, gegn Giovanni Ferrua, Barmahlíð 41, hér í bæ, persónulega og f. h. ófjárráða sonar hans, Walter Ferrua, til greiðslu in solidum á skuld að eftirstöðvum kr. 89.667.46, ásamt 6% ársvöxtum frá 13. júlí 1951 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi og stefnanda gert að greiða málskostnað, en til vara hefur stefndi krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Áður en efnisdómur verður uppkveðinn í málinu, skal krafa stefnda um frávisun þess tekin til athugunar og afgreiðslu.

Málavextir eru þeir, að hinn 9. marz 1951 gaf stefndi út fyrir sína hönd og sonar síns skuldabréf að fjárhæð kr. 96.058.83 til hlutafélagsins Marteins Davíðssonar. Höfuðstóll og vextir (6% p. a.) skyldu endurgreiðast með vikulegum afborgunum, er næmu $\frac{5}{16}$ hlutum af kaupi því, er skuldarar fengju hjá skuldareiganda eða öðrum vinnuveitendum, er þeir kynnu, — eftir samkomulagi við skuldareiganda — að vinna fyrir. Skuldin skyldi öll fallin í gjalddaga, er stefndi hætti að vinna hjá skuldareiganda svo og ef vanskil yrðu á greiðslum af hálfu stefnda. Jafnframt var skuldin tryggð með 1. veðrétti í kjallaraíbúð í húsinu nr. 41 við Barmahlíð, hér í bæ. Stefndi hætti vinnu hjá skuldareiganda í júlímánuði 1951 og námu eftirstöðvar skuldarinnar þá kr. 89.667.46 samkvæmt yfirliti stefnanda. Hlutafélagið Martein Davíðsson breytti nafni sínu og heitir nú Glitsteinn h/f., en það hefur síðan höfðað mál þetta til innheimtu eftirstöðva skuldar þessarar.

Stefndi byggir kröfu sína um frávisun málsins á því, að maður að nafni Martein Davíðsson eigi nokkurn hluta skuldarinnar samkvæmt skuldabréfinu og að stefnanda bresti umboð eða heimild til að heimta alla skuldina í eigin nafni, en hins vegar sé eigi upplýst, hver séu eignarhlutföll nefnds Marteins og stefnanda að skuldabréfinu. Styður stefndi röksemdir þessar við það, að stjórnarformaður stefnanda kom fyrir dóm hinn 20. apríl s.l. og lýsti yfir því, að gefnu tilefni frá lögmanni stefnda, að Martein Davíðsson ætti hluta af skuldabréfinu.

Af hálfu stefnanda var eindregið mótmælt þeim skilningi, er stefndi leggur í vætti stjórnarformannsins, og því haldið fram, að átt hafi verið við það eitt, að Martein Davíðsson er einn af hluthöfum stefnanda og því eigandi að hluta skuldabréfsins eins og annarra eigna stefnanda.

Eigi er ljóst af því, sem fram er komið um þetta atriði, hvernig er varið eignarrétti manns þessa, að því er skuldabréfið varðar. Hins vegar þykir það ekki skipta máli hér, vegna þess að Martein nokkur Davíðsson hefur komið fyrir dóm sem vitni í málinu og verður að gera ráð fyrir því, að hér ræði um sama manninn. Það er því ljóst, að honum er kunnugt um málssókn þessa og að hann hefur ekki, svo séð verði, hreyft athugasemdum við innheimtuaðgerðum stefnanda, þótt hann hafi sýnilega átt þess

kost. Verður því eigi talið að hér sé um slíkan umboðsskort að ræða, að valdið fái frávisun málsins. Krafa stefnda í þá átt verður því eigi til greina tekin. Ákvörðun um málskostnað verður eigi tekin fyrr en til efnisdóms kemur í málinu.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Hin framkomna frávisunarkrafa verður eigi tekin til greina.

Föstudaginn 2. október 1953.

Nr. 66/1952. **Lúðvík Jónsson** (Ragnar Jónsson)

gegn

Bifeiðaverkstæðinu Þórshamri h/f.

(Einar B. Guðmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamar Hæstaréttar.

Endurgreiðslukröfu synjað. Greiðsla orlofsfjár.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1952. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 2.411.82 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskosnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Lúðvík Jónsson, greiði stefnda, Bifreiðaverkstæðinu Þórshamri h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.